

FMS 2022-17
ISBN 978-9935-522-23-8

Júlí 2022

# Erlendir ferðamenn á Íslandi 2021:

## Lýðfræði, ferðahegðun og viðhorf

Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board

Oddný Þóra Óladóttir

© Ferðamálastofa 2022

Útgefandi: Ferðamálastofa - Geirsgötu 9, 101 Reykjavík / Hafnarstræti 91, 600 Akureyri
Netfang: upplysingar@ferdamalastofa.is
Veffang: www.ferdamalastofa.is
Titill: Erlendir ferðamenn á Íslandi 2020 & 2021: Lýðfræði, ferðahegðun og viðhorf
Höfundur: Oddný Þóra Óladóttir
Númer: FMS 2022-17
ISBN: 978-9935-522-23-8

Öll réttindi áskilin. Skýrsluna má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Ferðamálastofa


| | |
|---|---|
| 2 | Markmið og framkvæmd |
| 3 | Bakgrunnur ferðamanna |
| 7 | Hugmynd að Íslandsferð, bókun ferðar |
| 12 | Tilgangur, skipulagning, ferðafélagar, ferðamáti |
| 17 | Dvalarlengd, heimsóknir í einstaka landshluta, ánægja með landshluta |
| 25 | Tegund gistingar, ánægja með gistingu og veitingar |
| 29 | Tegund afþreyingar, ánægja með afþreyingu |
| 34 | Upplifun og viðhorf |
| 44 | Ánægja með Íslandsferð, Meðmælaskor (NPS) |
| 48 | Endurkoma |

## Markmið og framkvæmd

Könnun Ferðamálastofu meðal erlendra ferðamanna er unnin í samvinnu við Hagstofu Íslands en markmiðið með henni er að afla tölfræðilegra upplýsinga til að geta gefið skýra mynd af atferli og viðhorfum ferðamanna á Íslandi. Könnunin hefur verið í gangi frá því í júlí 2017 eftir aðstæðum á hverjum tíma en vegna kórónaveirufaraldursins lá könnunin niðri stóran hluta ársins 2020 og fyrstu fimm mánuði ársins 2021. Í þessari skýrslu eru birtar niðurstöður úr svörum ferðamanna sem heimsóttu landið á tímabilinu júní til desember árið 2021[1] með vísun í niðurstöður úr svörum ferðamanna sem heimsóttu landið á sama tímabili árið 2019.

Könnunin er tvískipt:
1. Flugvallakönnun við brottför framkvæmd á Keflavíkurflugvelli sem beinist að erlendum ferðamönnum á Íslandi. Áhersla er lögð á nokkrar lykilspurningar s.s. tilgang ferðar, dvalarlengd, tegund gistingar, útgjöld, eyðsluhætti og viðhorf til einstakra þátta auk þess sem spurt er um bakgrunn svarenda þ.e. þjóðerni, búsetu, kyn og aldur.
2. Netkönnun send eftir á þar sem svarendur í flugvallakönnun eru spurðir nánar um Íslandsferðina; aðdragandann að ferð, atferli, viðhorf og upplifun.

Alls tók 11.551 svarandi þátt í flugvallahluta könnunarinnar árið 2021 og 1.171 í nethlutanum. Könnunin er á tíu tungumálum; ensku, dönsku, þýsku, frönsku, spænsku, ítölsku, pólsku, rússnesku, kínversku og japönsku. Þýðingar taka mið af enska spurningalistanum og er vísun í spurningar í umfjöllun.

Úrvinnsla:
Gögnin eru vigtuð með tilliti til þjóðerna og er tekið mið af þjóðernatalningu Ferðamálastofu við brottför og farþegatölum Isavia á Keflavíkurflugvelli. Niðurstöður úr öllum spurningum eru greindar eftir helstu þjóðernum og markaðssvæði[2], kyni, aldri og tilgangi ferðar eða eftir því sem gögnin leyfa.

Í skýrslunni eru niðurstöður settar fram með myndrænum hætti og í töflum þar sem finna má svör eftir helstu þjóðernum og markaðssvæðum. Sambærilegar skýrslur hafa komið út tvisvar og byggja á niðurstöðum þeirra sem heimsóttu landið 2018 og 2019. Tenging er inn á tvö töflusett í Excel þar sem niðurstöður eru settar fram fyrir könnunartímabilið (júní-desember) í heild sinni eftir bakgrunnsbreytum, annars vegar úr flugvallahluta könnunar og hins vegar úr nethluta könnunar.

Framkvæmdaraðilar:
Gagnasöfnun og hráúrvinnsla var í höndum Epinion P/S.
Úrvinnsla og samantekt á töflum fyrir árið 2021 var í í höndum Maskínu.
Samantekt skýrslu var unnin af Ferðamálastofu.

[1]Brottfarir erlendra farþega frá landinu voru um 656 þúsund talsins á tímabilinu júní-desember 2021. Bandaríkjamenn voru fjölmennastir 218 þúsund talsins, þar á eftir komu Þjóðverjar (61 þús.), Bretar (54 þús.), Pólverjar (45 þús.) Frakkar (36 þús.), Ítalir (27 þús.), Danir (23 þús.), Spánverjar (19 þús.) og Hollendingar (17 þús.)
[2]-Norðurlönd: Noregur, Danmörk, Svíþjóð, Finnland, -Bretlandseyjar: Bretland, Írland, -Mið-Evrópa: Austurríki, Belgía, Frakkland, Holland, Sviss, Þýskaland, -Suður-Evrópa: Ítalía, Spánn, -Austur-Evrópa: Eistland/Lettland/Litháen, Pólland, Rússland, -Norður-Ameríka: Bandaríkin, Kanada, -Asía: Hong Kong, Indland, Ísrael, Japan, Kína, Singapúr, Suður-Kórea, Taívan, -Ástralía/Nýja-Sjáland, -Önnur þjóðerni.

# BAKGRUNNUR FERÐAMANNA

-Kyn
-Aldur
-Heimilistekjur í samanburði við tekjur í búsetulandi
-Hverjir búa á heimilinu
-Menntun
-Búseta
-Heimsóttu ferðamenn annað land/lönd en Ísland

## Kyn ferðamanna 2021*




Kynjaskipting ferðamanna (2021) var tiltölulega jöfn. Þegar horft er til einstakra markaðssvæða má sjá að hlutfall karla frá Norðurlöndunum og Asíu var hærra en kvenna. Ferðamenn frá Austur-Evrópu voru hins vegar hlutfallslega fleiri konur.

Sjá nánari úrvinnslu í flugvallahluta könnunar, í skránni ,,Kyn, aldur" (línur 2-39).

## Aldur ferðamanna 2021*




Meðalaldur ferðamanna (2021) var 38,7 ár eða álíka hár og hann var á sama tímabili árið 2019. Nærri þrír af hverjum fimm voru yngri en 35 ára, fimmtungur á aldrinum 35-44 ára og þriðjungur 45 ára og eldri.

Sjá nánari úrvinnslu í flugvallahluta könnunar, í skránni ,,Kyn, aldur" (línur 41-75).

| | Kyn | | Aldur | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Karl | Kona | Meðal-aldur | 24 ára og yngri | 25-34 ára | 35-44 ára | 45-54 ára | >55 ára |
| ***Allir*** | ***50,3%*** | ***49,7%*** | ***38,7*** | ***14,3%*** | ***34,4%*** | ***19,2%*** | ***14,8%*** | ***17,3%*** |
| ***Eftir þjóðernum*** | | | | | | | | |
| Bandaríkjamenn | 46,8% | 53,2% | **42,7** | 11,2% | 28,3% | 16,2% | 16,1% | 28,2% |
| Bretar | 50,2% | 49,8% | **38,6** | 14,0% | 33,2% | 17,9% | 17,6% | 17,4% |
| Danir | 54,1% | 45,9% | **44,7** | 19,0% | 22,2% | 12,3% | 22,1% | 24,4% |
| Frakkar | 52,7% | 47,3% | **36,9** | 12,9% | 41,4% | 21,6% | 11,8% | 12,5% |
| Hollendingar | 56,9% | 43,1% | **39,0** | 16,4% | 35,4% | 17,6% | 11,9% | 18,6% |
| Ítalir | 55,0% | 45,0% | **35,2** | 14,8% | 49,2% | 19,1% | 9,1% | 7,7% |
| Pólverjar | 45,9% | 54,1% | **33,1** | 11,7% | 42,6% | 22,3% | 15,6% | 7,7% |
| Spánverjar | 53,9% | 46,1% | **37,8** | 11,4% | 38,6% | 23,3% | 14,4% | 12,2% |
| Þjóðverjar | 48,3% | 51,7% | **35,4** | 19,3% | 33,9% | 21,5% | 15,6% | 9,7% |
| ***Eftir markaðssvæðum*** | | | | | | | | |
| Norðurlönd | 55,4% | 44,6% | **41,4** | 15,3% | 24,1% | 25,8% | 19,8% | 15,0% |
| Bretlandseyjar | 51,1% | 48,9% | **37,6** | 14,6% | 34,8% | 19,5% | 16,2% | 14,8% |
| Mið-Evrópa | 51,1% | 48,9% | **35,9** | 16,5% | 37,9% | 20,7% | 13,3% | 11,7% |
| Suður-Evrópa | 53,3% | 46,7% | **36,3** | 13,8% | 44,9% | 20,5% | 11,3% | 9,6% |
| Austur-Evrópa | 46,8% | 53,2% | **33,6** | 10,6% | 42,9% | 24,5% | 15,3% | 6,6% |
| Norður-Ameríka | 47,8% | 52,2% | **42,0** | 11,5% | 28,9% | 16,1% | 15,5% | 27,9% |
| Asía | 57,0% | 43,0% | **36,0** | 30,3% | 45,4% | 6,8% | 8,8% | 8,6% |
| Annað | 50,0% | 50,0% | **37,1** | 12,2% | 29,3% | 32,6% | 17,7% | 8,3% |

*Sp. Gender? Sp. Age?

Innan sviga má sjá breytingu á prósentustigum frá sama tímabili (júní-desember) 2019.

# Heimilistekjur, menntun og fjölskylduhagir

## Heimilistekjur ferðamanna 2021 í samanburði við tekjur í búsetulandi*

Ríflega tveir ferðamenn af hverjum fimm töldu heimilistekjurnar vera í meðallagi háar í samanburði við það sem gengur og gerist í heimalöndum þeirra. Um 14% töldu þær vera háar og um sjö prósent þær vera lágar eða undir meðallagi.

Sjá nánari úrvinnslu í nethluta könnunar, í skránni ,,Bakgrunnur" (línur 2-30).




| | Lágar | Undir meðallagi | Í meðallagi | Yfir meðal-lagi | Háar |
|---|---|---|---|---|---|
| ***Allir*** | ***1,5%*** | ***5,7%*** | ***33,5%*** | ***45,2%*** | ***14,1%*** |
| Bandaríkjamenn | 2,1% | 4,6% | 27,8% | 53,9% | 11,6% |
| Bretar | 0,0% | 13,2% | 41,9% | 28,6% | 16,3% |
| Frakkar | 3,7% | 4,3% | 24,7% | 51,9% | 15,4% |
| Ítalir | 0,5% | 5,4% | 44,0% | 46,4% | 3,7% |
| Þjóðverjar | 2,7% | 3,9% | 36,7% | 42,3% | 14,4% |

*Sp. Compared to the general population in your country, how would you rate the level of your total household income?

## Menntun ferðamanna 2021*

Um tveir ferðamenn af hverjum fimm höfðu lokið grunnnámi við háskóla og tæplega helmingur framhaldsnámi við háskóla. Um 13% höfðu lokið grunnskólanámi, starfs- og eða framhaldsskólanámi.

Sjá nánari úrvinnslu í nethluta könnunar, í skránni ,,Bakgrunnur" (línur 32-60).




| | Grunn-skólanám | Starfs- og/eða framhalds-skólanám | Grunnám við háskóla | Framhalds-nám við háskóla |
|---|---|---|---|---|
| ***Allir*** | ***0,4%*** | ***13,0%*** | ***40,5%*** | ***46,1%*** |
| Bandaríkjamenn | 0,8% | 6,8% | 44,8% | 47,6% |
| Bretar | 0,0% | 14,9% | 52,1% | 33,1% |
| Frakkar | 0,0% | 13,6% | 23,6% | 62,8% |
| Ítalir | 0,5% | 27,5% | 43,5% | 28,5% |
| Þjóðverjar | 0,0% | 24,9% | 46,1% | 29,0% |

*Sp. What is your educational level?

## Hverjir búa á heimilinu 2021*

Flestir ferðamenn bjuggu með fjölskyldu-meðlimum. Nærri tveir af hverjum þremur bjuggu með maka, um 9% með börnum yngri en 12 ára, um 10% með börnum á aldrinum 13 til 17 ára og um 12% með börnum 18 ára og eldri. Um 16% bjuggu með öðrum fjölskyldumeðlimum. Tæplega fimmtungur bjó einn.

Sjá nánari úrvinnslu í nethluta könnunar, í skránni ,,Bakgrunnur" (línur 62-90).




| | Maki | Barn/börn < en 12 ára | Barn/börn 13-17 ára | Barn/börn 18 ára + | Aðrir fjölskyldu-meðlimir | Aðrir | Bý einn |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ***Allir*** | ***64,2%*** | ***9,0%*** | ***10,0%*** | ***11,6%*** | ***14,5%*** | ***2,9%*** | ***17,6%*** |
| Bandaríkjamenn | 66,2% | 9,3% | 7,3% | 9,6% | 10,7% | 3,5% | 18,4% |
| Bretar | 61,6% | 7,8% | 7,1% | 12,0% | 17,6% | 6,5% | 16,3% |
| Frakkar | 49,6% | 7,1% | 9,6% | 14,6% | 9,5% | 6,8% | 25,4% |
| Ítalir | 63,0% | 3,5% | 16,1% | 7,1% | 18,4% | 0,8% | 17,9% |
| Þjóðverjar | 66,9% | 10,9% | 4,4% | 3,7% | 12,1% | 3,9% | 18,0% |

*Sp. Who, yourself included, are members of your household?

*Innan sviga má sjá breytingu á prósentustigum frá sama tímabili (júní-desember) 2019.

# Búseta, voru önnur lönd heimsótt

## Búseta þriggja stærstu þjóðerna 2021*

**Bandaríkjamenn**
Um þriðjungur bandarískra ferðamanna var búsettur í vesturhluta Bandaríkjanna, um fjórðungur í norðausturhlutanum og tæplega fjórðungur í Suðurríkjunum. Fimmtungur var búsettur í miðvesturhlutanum.
Sjá nánari úrvinnslu í nethluta könnunar, í skránni ,,Bakgrunnur“ (línur 92-115).

**Þjóðverjar**
Tveir af hverjum fimm þýskum ferðamönnum voru búsettir í vesturhluta Þýskalands og tæplega þriðjungur í suðurhluta landsins, Bæjaralandi og Baden Württemberg. 15% voru búsettir í norður- eða miðhluta landsins og um 12% í austurhluta landsins.
Sjá nánari úrvinnslu í nethluta könnunar, í skránni ,,Bakgrunnur“ (línur 117-139).

**Bretar**
Nærri tveir af hverjum fimm breskum ferðamönnum voru búsettir í London og nágrenni. Um 16% voru búsettir í norðvestur hluta Englands og um 13% í suðaustur hluta Englands. Hlutfall ferðamanna búsettra á öðrum svæðum í Bretlandi var á bilinu 2,3-5,6%.
Sjá nánari úrvinnslu í nethluta könnunar, í skránni ,,Bakgrunnur“ (línur 141-162).

**Önnur þjóðerni**
Sjá nánar í nethluta könnunar, í skránni ,,Bakgrunnur“:
-Frakkar (línur 164-185),
-Ítalir (184-208)

## Heimsóttu ferðamenn 2021 annað land/lönd en Ísland*




Um 13% heimsóttu annað land, eitt eða fleiri, samhliða Íslandsferðinni árið 2021. Um er að ræða hlutfallslega færri en á sama tímabili árið 2019 en þá var hjá þriðjungi ferðamanna, Íslandsferðin hluti af heimsókn til annarra landa.
Sjá nánari úrvinnslu í nethluta könnunar, í skránni ,,Bakgrunnur“ (línur 207-235).

| | | Já, heimsótti önnur lönd, hvaða land/lönd? | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Nei, einungis Ísland | Norður-löndin | Bret-land | Þýska-land | Frakk-land | Annað land í Evrópu | Kanada | Banda-ríkin | Land utan Evrópu og N-Ameríku |
| ***Allir*** | ***86,9%*** | ***5,7%*** | ***2,2%*** | ***3,6%*** | ***2,9%*** | ***4,2%*** | ***0,6%*** | ***0,8%*** | ***1,2%*** |
| Bandaríkjamenn | 92,8% | 0,9% | 2,3% | 0,4% | 0,9% | 3,0% | 0,1% | 0,5% | 0,0% |
| Bretar | 99,2% | 0,0% | 0,6% | 0,0% | 0,0% | 0,2% | 0,0% | 0,0% | 0,0% |
| Frakkar | 75,5% | 5,7% | 6,1% | 0,0% | 18,3% | 11,5% | 3,4% | 2,9% | 5,5% |
| Ítalir | 86,8% | 6,9% | 0,0% | 0,9% | 3,6% | 3,7% | 0,0% | 0,0% | 0,9% |
| Þjóðverjar | 98,1% | 0,4% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 1,5% | 0,0% | 0,0% | 0,0% |

*Sp. Did you visit a country other than Iceland during your trip?

# HUGMYND AÐ ÍSLANDSFERÐ, BÓKUN FERÐAR

-Hvaðan fengu ferðamenn hugmyndina að Íslandsferð
-Hvað var það við náttúruna sem laðaði ferðamenn til Íslands
-Hvenær vaknaði hugmyndin að Íslandsferð
-Hversu löngu fyrir brottför var Íslandsferðin bókuð/keypt
-Höfðu ferðamenn komið áður til Íslands,
    -Hversu oft höfðu ferðamenn komið áður

## Hvaðan fengu ferðamenn 2021 hugmyndina að Íslandsferð




Innan sviga má sjá breytingu á prósentustigum frá sama tímabili (júní-desember) 2019.

[1]Alþjóðlegar kvikmyndir, heimildamyndir, sjónvarpsþættir, tónlistarmyndbönd sem sýna íslenskt landslag.

Rúmlega níu af hverjum tíu ferðamönnum (2021) nefndu náttúru landsins eða einstök náttúrufyrirbæri þegar þeir voru beðnir um að tilgreina hvaðan hugmyndin að Íslandsferð hefði komið. Rúmlega átta af hverjum tíu nefndu náttúrutengda afþreyingu og um átta af hverjum tíu að þá hefði lengi langað að heimsækja Ísland. Fjölmargir nefndu áhuga á norðurslóðum, að Ísland væri öruggur áfangastaður eða að þá hefði langað að prófa eitthvað nýtt. Hugmyndin var tilkomin í minna mæli vegna vina og vandamanna í samanburði við árið 2019. Eins og sjá má af grafi hér að ofan kom fjölmargt annað til en alls var beðið um að taka afstöðu til 25 þátta.

Sjá niðurstöður eftir helstu þjóðernum á bls. 9 og nánari úrvinnslu í nethluta könnunar í skránni ,,Hugmynd" (línur 2-30).

## Hvað varðandi náttúruna laðaði ferðamenn 2021 til Íslands




Ferðamenn sem nefndu náttúru landsins þegar þeir voru spurðir hvaðan hugmyndin að Íslandsferð hefði vaknað voru inntir eftir því hvað við náttúruna heillaði þá mest. Tæplega helmingur nefndi ósnortna náttúru eða hreinleika landsins, þriðjungur fallega náttúru og ríflega fjórðungur hversu frábrugðið og einstakt Ísland væri. Ríflega fjórðungur nefndi eldfjöll og hraun, mun fleiri en árið 2019 sem má að öllum líkindum rekja til eldsumbrota á Reykjanesi 2021. Fjölmargt annað var nefnt eins og sjá má af grafi hér að ofan s.s. norðurljós, landslag, goshverir, jarðhiti og hverasvæði, fossar, jöklar og náttúrulaugar.

Sjá niðurstöður eftir helstu þjóðernum á bls. 9 og nánari úrvinnslu í nethluta könnunar í skránni ,,Hugmynd" (línur 32-60).

## Hvaðan fengu ferðamenn 2021 hugmyndina að Íslandsferð*

| | Náttúra landsins, einstök náttúrufyrirbæri | Náttúrutengd afþreying | Lengi langað að heimsækja | Áhugi á norðurslóðum | Öruggur áfangastaður | Langaði að prófa eitthvað nýtt | Umfjöllun á netinu (blogg, samfélagsmiðlar) | Íslendingar, íslensk menning | Vinir og vandamenn mæltu með Íslandi | Íslenskt landslag í hreyfimyndefni [1] | Gott ferðatilboð, lágt flugfargjald | Íslenskur matur, matarmenning | Las um Ísland í dagblaði eða tímariti | Fyrri ferð | Íslensk hönnun | Umfjöllun um Ísland (sjónvarp/útvarp) | Vinir, ættingjar á Íslandi | Íslensk tónlist | Bókmenntir | Möguleikinn á stop-over á Íslandi | Kvikmyndir með íslensku tali | Viðburður á Íslandi | Ráðstefna, fundur, viðskipti, samstarf | Sérstakt tilefni (brúðkaup, afmæli o.fl.) | Heilsu-/læknismeðferð á Íslandi | Annað |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ***Allir*** | ***95,2%*** | ***84,0%*** | ***79,1%*** | ***78,4%*** | ***76,8%*** | ***72,9%*** | ***52,8%*** | ***53,2%*** | ***46,3%*** | ***39,0%*** | ***32,3%*** | ***28,7%*** | ***26,0%*** | ***24,0%*** | ***21,5%*** | ***18,6%*** | ***14,7%*** | ***14,5%*** | ***13,9%*** | ***7,4%*** | ***7,1%*** | ***6,2%*** | ***5,0%*** | ***4,6%*** | ***3,2%*** | ***18,2%*** |
| ***Eftir þjóðerni*** | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Bandaríkjamenn | 94,8% | 81,0% | 76,6% | 73,4% | 86,2% | 75,5% | 49,2% | 57,3% | 52,5% | 32,9% | 51,6% | 39,1% | 27,9% | 22,0% | 27,2% | 14,2% | 10,5% | 13,0% | 16,4% | 9,3% | 6,5% | 5,8% | 5,9% | 6,1% | 2,5% | 21,0% |
| Bretar | 90,8% | 82,7% | 89,4% | 74,5% | 79,5% | 65,0% | 52,7% | 62,7% | 51,7% | 44,7% | 23,2% | 30,6% | 26,6% | 27,2% | 24,9% | 21,4% | 10,2% | 2,8% | 10,8% | 3,0% | 6,6% | 8,0% | 7,8% | 4,7% | 0,4% | 18,2% |
| Frakkar | 97,2% | 91,2% | 87,5% | 92,9% | 65,3% | 80,8% | 63,9% | 70,9% | 39,3% | 37,3% | 29,0% | 6,2% | 19,5% | 19,7% | 16,0% | 19,3% | 8,0% | 8,6% | 18,7% | 7,9% | 5,0% | 2,6% | 1,4% | 4,4% | 5,6% | 2,3% |
| Ítalir | 100,0% | 91,1% | 92,7% | 83,6% | 67,1% | 81,8% | 46,1% | 58,6% | 42,7% | 58,4% | 17,8% | 10,7% | 34,1% | 14,2% | 13,5% | 11,9% | 15,5% | 19,7% | 21,9% | 3,4% | 0,3% | 2,4% | 2,0% | 3,2% | 2,0% | 15,9% |
| Þjóðverjar | 95,9% | 79,9% | 79,2% | 85,3% | 76,3% | 48,8% | 37,8% | 49,8% | 36,4% | 45,7% | 24,8% | 13,3% | 19,9% | 39,0% | 19,6% | 32,6% | 22,2% | 18,6% | 25,6% | 0,9% | 10,1% | 7,1% | 2,3% | 8,0% | 2,5% | 17,5% |

*Sp. What gave you the idea to come to Iceland?

[1] Alþjóðlegar kvikmyndir, heimildamyndir, sjónvarpsþættir, tónlistarmyndbönd sem sýna íslenskt landslag.

## Hvað varðandi náttúruna laðaði ferðamenn 2021 til Íslands*

| | Ósnortin náttúra, hreinleiki landsins | Falleg náttúra | Landslagið | Jöklar | Einstakt, sérstakt, frábrugðið | Kyrrð og ró | Víðátta | Óbyggðir | Bjartar nætur | Goshverir, jarðhiti, hverasvæði | Eldfjöll, hraun | Jarðfræði, jarðeðlisfræði | Svartar strendur | Jökullón, ísjakar | Hafið, sjórinn | Fossar | Norðurljós | Jurtaríkið | Hvalir | Fuglar | Dýra- og náttúrulíf almennt | Loftslag, veður | Hreint loft | Náttúrulaugar | Hestar | Annað |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ***Allir*** | ***46,2%*** | ***33,6%*** | ***19,0%*** | ***14,9%*** | ***26,9%*** | ***9,1%*** | ***4,8%*** | ***4,0%*** | ***2,2%*** | ***18,5%*** | ***26,8%*** | ***5,0%*** | ***3,3%*** | ***10,7%*** | ***1,0%*** | ***16,7%*** | ***26,0%*** | ***0,4%*** | ***2,5%*** | ***1,1%*** | ***3,5%*** | ***1,5%*** | ***1,7%*** | ***12,5%*** | ***4,9%*** | ***3,2%*** |
| ***Eftir þjóðerni*** | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Bandaríkjamenn | 47,4% | 32,1% | 21,7% | 16,8% | 25,8% | 9,8% | 5,4% | 1,4% | 4,2% | 19,3% | 25,6% | 5,0% | 4,6% | 11,0% | 1,6% | 19,0% | 18,3% | 1,2% | 1,5% | 0,4% | 1,4% | 3,6% | 2,5% | 15,1% | 2,1% | 3,3% |
| Bretar | 42,2% | 26,7% | 21,5% | 17,2% | 31,1% | 6,3% | 1,1% | 3,1% | 0,8% | 21,4% | 31,4% | 8,2% | 0,5% | 8,1% | 0,0% | 16,9% | 39,0% | 0,0% | 2,6% | 1,3% | 1,4% | 0,3% | 0,4% | 13,1% | 0,9% | 4,4% |
| Frakkar | 44,9% | 52,7% | 25,5% | 17,5% | 26,0% | 15,0% | 5,9% | 10,4% | 2,6% | 14,3% | 21,6% | 4,7% | 0,7% | 10,5% | 0,0% | 6,9% | 20,3% | 0,0% | 2,0% | 0,8% | 13,2% | 0,0% | 1,1% | 2,7% | 0,0% | 0,8% |
| Ítalir | 37,9% | 55,8% | 10,4% | 16,5% | 4,3% | 10,1% | 4,7% | 14,9% | 4,1% | 17,7% | 27,4% | 1,9% | 9,8% | 26,5% | 1,4% | 10,5% | 28,4% | 0,0% | 2,0% | 0,7% | 5,6% | 0,3% | 2,8% | 6,4% | 0,0% | 0,0% |
| Þjóðverjar | 38,4% | 34,0% | 16,6% | 5,4% | 23,2% | 11,0% | 9,5% | 2,2% | 2,9% | 23,6% | 31,7% | 5,7% | 1,9% | 9,3% | 0,0% | 16,7% | 32,1% | 0,0% | 2,8% | 2,5% | 4,3% | 0,7% | 2,3% | 13,6% | 7,4% | 2,2% |

*Sp. What was it about Icelandic nature that motivated your decision to visit Iceland?

# Hugmynd að ferð og bókun ferðar

## Hvenær vaknaði hugmyndin að Íslandsferð*




Innan sviga má sjá breytingu á prósentustigum frá sama tímabili (júní-desember) 2019.

Fimmtungur ferðamanna (2021) fékk hugmyndina að Íslandsferð innan þriggja mánaða fyrir ferð. Tæplega fimmtungur fékk hugmyndina þremur til sex mánuðum fyrir ferð, tæplega einn af hverjum tíu sex til níu mánuðum og um 8% níu til tólf mánuðum fyrir ferð. Tæplega helmingur fékk hugmyndina fyrir meira en einu ári.

Frakkar fengu hugmyndina að ferð með skemmri fyrirvara en Bandaríkjamenn, Bretar, Ítalir og Þjóðverjar.

Sjá nánari úrvinnslu í nethluta könnunar í skránni ,,Hugmynd“ (línur 62-90).

| | < 3 mán. fyrir ferð | 3-6 mán. fyrir ferð | 6-9 mán. fyrir ferð | 9-12 mán. fyrir ferð | 1-2 árum fyrir ferð | 2-3 árum fyrir ferð | 3-4 árum fyrir ferð | > 4 árum fyrir ferð |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ***Allir*** | ***19,4%*** | ***17,5%*** | ***9,1%*** | ***7,5%*** | ***13,4%*** | ***10,3%*** | ***5,6%*** | ***17,3%*** |
| Bandaríkjamenn | 16,0% | 21,0% | 12,2% | 7,3% | 13,8% | 12,1% | 4,0% | 13,6% |
| Bretar | 22,9% | 16,1% | 4,4% | 3,9% | 18,3% | 9,7% | 6,3% | 18,3% |
| Frakkar | 18,6% | 26,7% | 0,0% | 4,7% | 8,9% | 10,8% | 2,7% | 27,7% |
| Ítalir | 17,2% | 11,8% | 2,6% | 1,4% | 16,9% | 18,8% | 8,7% | 22,6% |
| Þjóðverjar | 13,5% | 18,2% | 7,2% | 8,1% | 21,8% | 3,6% | 3,6% | 24,0% |

*Sp. How long was it since you first considered coming to Iceland?

## Hversu löngu fyrir brottför var Íslandsferðin bókuð/keypt*




Tíminn frá bókun að ferðinni til Íslands var skemmri en einn mánuður hjá ríflega fjórðungi ferðamanna 2021 sem er mun styttri bókunarfyrirvari en árið 2019 en þá bókaði 17% innan mánaðar. Ríflega fimmtungur bókaði ferðina einum til tveimur mánuðum fyrir ferð og fimmtungur tveimur til þremur mánuðum fyrir ferð. Tæplega þriðjungur bókaði ferðina með lengri fyrirvara.

Ferðamenn frá Bandaríkjunum keyptu Íslandsferðina með skemmri fyrirvara en Bretar, Frakkar, Ítalir og Þjóðverjar.

Sjá nánari úrvinnslu í nethluta könnunar í skránni ,,Hugmynd“ (línur 92-120).

| | < 2 vikum fyrir ferð | 2-4 vikum fyrir ferð | 1-2 mán. fyrir ferð | 2-3 mán. fyrir ferð | 3-4 mán. fyrir ferð | 4-5 mán. fyrir ferð | 5-6 mán. fyrir ferð | > 6 mán. fyrir ferð |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ***Allir*** | ***9,7%*** | ***17,7%*** | ***21,6%*** | ***20,9%*** | ***9,3%*** | ***4,9%*** | ***7,5%*** | ***8,4%*** |
| Bandaríkjamenn | 5,1% | 12,5% | 15,8% | 24,9% | 15,7% | 5,0% | 10,5% | 10,6% |
| Bretar | 9,5% | 27,1% | 16,4% | 14,5% | 10,5% | 3,3% | 7,2% | 11,6% |
| Frakkar | 4,6% | 22,4% | 37,0% | 17,2% | 8,5% | 2,2% | 4,7% | 3,5% |
| Ítalir | 14,9% | 18,1% | 27,2% | 23,5% | 2,9% | 0,0% | 4,5% | 9,0% |
| Þjóðverjar | 9,8% | 23,4% | 20,0% | 25,6% | 7,3% | 1,8% | 4,6% | 7,5% |

*Sp. How long before departure did you book the flight or buy the tour package?

## Höfðu ferðamenn 2021 komið áður til Íslands*




Innan sviga má sjá breytingu á prósentustigum frá sama tímabili (júní-desember) 2019.

Langflestir ferðamenn 2021 höfðu ekki komið áður til landsins eða um átta af hverjum tíu. Þeir sem höfðu komið áður höfðu flestir komið að sumri til.

Sjá nánari úrvinnslu í flugvallahluta könnunar, í skránni ,,Höfðu komið áður“ (línur 2-41).

### Hversu oft höfðu ferðamenn 2021 komið áður*




Ríflega tveir ferðamenn af hverjum fimm (2021) sem höfðu komið áður höfðu komið einu sinni til Íslands, tæplega þriðjungur tvisvar til þrisvar og um fjórðungur fjórum sinnum eða oftar.

Sjá nánari úrvinnslu í nethluta könnunar, í skránni ,,Hugmynd“ (línur 122-150).

*Sp. How many times have you visited Iceland before your last visit?

| | Nei, höfðu ekki komið áður | Höfðu komið áður | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | Já, að vori (apríl-maí) | Já, að sumri (júní-ágúst) | Já, að hausti (sept.-okt.) | Já, að vetri (nóv.-mars) |
| ***Allir*** | ***79,8%*** | ***5,5%*** | ***11,1%*** | ***6,0%*** | ***7,7%*** |
| ***Eftir þjóðernum*** | | | | | |
| Bandaríkjamenn | 82,8% | 3,3% | 8,4% | 3,8% | 5,4% |
| Bretar | 79,4% | 5,2% | 8,3% | 5,1% | 10,8% |
| Danir | 56,3% | 16,3% | 34,2% | 14,9% | 18,9% |
| Frakkar | 81,8% | 4,6% | 11,4% | 4,4% | 5,1% |
| Hollendingar | 81,8% | 5,0% | 11,4% | 6,5% | 5,0% |
| Ítalir | 87,0% | 3,2% | 5,3% | 3,1% | 4,8% |
| Pólverjar | 71,8% | 8,2% | 15,9% | 9,9% | 7,8% |
| Spánverjar | 91,9% | 0,5% | 5,5% | 2,3% | 1,6% |
| Þjóðverjar | 77,8% | 3,8% | 12,9% | 7,1% | 7,4% |
| ***Eftir markaðssvæðum*** | | | | | |
| Norðurlönd | 57,1% | 23,0% | 33,7% | 20,6% | 23,2% |
| Bretlandseyjar | 81,4% | 4,5% | 7,4% | 5,1% | 9,8% |
| Mið-Evrópa | 79,8% | 4,2% | 11,6% | 5,2% | 7,0% |
| Suður-Evrópa | 88,9% | 2,1% | 4,7% | 2,4% | 4,3% |
| Austur-Evrópa | 74,3% | 7,4% | 14,5% | 9,2% | 6,8% |
| Norður-Ameríka | 82,4% | 3,7% | 8,4% | 4,0% | 5,7% |
| Asía | 91,0% | 0,6% | 3,7% | 4,5% | 0,2% |
| Annað | 76,6% | 5,3% | 9,1% | 3,2% | 10,4% |

* Sp. Had you been to Iceland before your last visit?

Ferðamálastofa

# TILGANGUR, SKIPULAGNING, FERÐAFÉLAGAR, FERÐAMÁTI

-Megintilgangur ferðar
-Fyrir komuna til Íslands: Helstu miðlar nýttir við skipulagningu og bókun ferðarinnar
-Eftir komuna til Íslands: Helstu miðlar nýttir við upplýsingaleit, skipulagningu og bókun
-Með hverjum var ferðast
-Hvaða ferðamáta nýttu ferðamenn á Íslandi

## Megintilgangur ferðar 2021*




Langflestir ferðamenn 2021 voru í fríi á Íslandi eða níu af hverjum tíu. Nærri fimm prósent voru að heimsækja vini og ættingja. Rétt innan við fjögur prósent voru í viðskiptatengdum erindagjörðum eða vegna annarra persónulegra ástæðna s.s. náms og heilsu. Um eitt prósent var vegna tímabundinnar vinnu og rétt innan við eitt prósent hafði stutta viðdvöl í landinu án þess að gista.

Þegar litið er til einstakra markaðssvæða má sjá að hlutfallslega fleiri Norðurlandabúar voru í heimsókn hjá vinum og ættingjum eða í viðskiptatengdum tilgangi en ferðamenn frá öðrum mörkuðum.

Sjá nánari úrvinnslu í flugvallahluta könnunar í skránni ,,Tilgangur" (línur 2-35).

| | Frí | Heimsókn til vina og ættingja | Viðskipta-tengt | Persónu-legar ástæður | Tíma-bundin vinna | Dvöl án gistingar | Fjöldi svara |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ***Allir*** | ***89,9%*** | ***4,7%*** | ***2,3%*** | ***1,5%*** | ***0,9%*** | ***0,7%*** | ***617.984*** |
| ***Eftir þjóðernum*** | | | | | | | |
| Bandaríkjamenn | 94,7% | 1,4% | 1,1% | 1,6% | 0,6% | 0,7% | 204.131 |
| Bretar | 92,9% | 3,0% | 1,8% | 0,7% | 1,0% | 0,6% | 50.942 |
| Danir | 72,6% | 16,1% | 6,3% | 2,9% | 1,0% | 1,1% | 20.207 |
| Frakkar | 95,2% | 2,2% | 0,8% | 0,6% | 0,5% | 0,7% | 33.609 |
| Hollendingar | 91,9% | 2,9% | 3,3% | 0,3% | 1,1% | 0,4% | 16.840 |
| Ítalir | 94,6% | 1,4% | 2,4% | 0,6% | 0,6% | 0,4% | 26.230 |
| Pólverjar | 70,6% | 20,9% | 3,0% | 4,4% | 1,0% | 0,1% | 41.653 |
| Spánverjar | 89,9% | 1,8% | 1,6% | 0,2% | 5,9% | 0,7% | 17.923 |
| Þjóðverjar | 92,7% | 3,6% | 1,9% | 1,3% | 0,3% | 0,1% | 58.604 |
| ***Eftir markaðssvæðum*** | | | | | | | |
| Norðurlönd | 69,8% | 16,8% | 7,0% | 1,9% | 1,9% | 2,6% | 47.981 |
| Bretlandseyjar | 91,9% | 2,6% | 2,9% | 0,9% | 1,4% | 0,4% | 72.742 |
| Mið-Evrópa | 93,2% | 2,9% | 2,1% | 1,1% | 0,5% | 0,3% | 153.425 |
| Suður-Evrópa | 92,7% | 1,7% | 2,0% | 0,6% | 2,5% | 0,5% | 43.323 |
| Austur-Evrópa | 71,2% | 19,8% | 3,1% | 4,1% | 1,1% | 0,8% | 51.694 |
| Norður-Ameríka | 94,3% | 1,5% | 1,2% | 1,5% | 0,6% | 0,9% | 216.326 |
| Asía | 98,9% | 0,6% | 0,0% | 0,5% | 0,0% | 0,0% | 25.496 |
| Annað | 85,1% | 1,8% | 7,9% | 4,6% | 0,4% | 0,1% | 6.996 |

*Sp. What was the main reason for your trip to Iceland?

## Fyrir komuna til Íslands - Helstu miðlar nýttir við skipulagningu og bókun ferðarinnar




Innan sviga má sjá breytingu á prósentustigum frá sama tímabili (júní-desember) 2019.

## Eftir komuna til Íslands - Helstu miðlar nýttir við upplýsingaleit, skipulagningu og bókun




Ferðamenn á Íslandi 2021 nýttu fjölmarga miðla við skipulagningu og bókun Íslandsferðar. Ríflega helmingur ferðamanna nýtti bókunarsíður flugfélaga og ríflega tveir af hverjum fimm bókunarsíður á borð við booking.com og Hotels.com. Opinberir ferðavefir voru jafnframt nýttir í miklum mæli sem og almennar leitarvélar Netsins.

Sjá niðurstöður eftir helstu þjóðernum í töflu á bls. 15 og nánari úrvinnslu í nethluta könnunar, í skránni ,,Skipulagning“ (línur 2-30).

Ferðamenn 2021 nýttu fjölmarga miðla eftir komuna til landsins til að afla upplýsinga um það sem í boði er á Íslandi eða til að skipuleggja ferðina og bóka þjónustu. Tæplega helmingur nýtti opinbera ferðavefi og tæplega fjórðungur GPS staðsetningartæki. Um fimmtungur nýtti bókunarsíður, vefsíður fyrirtækja, ummæli á vefsíðum, snjallsímaforrit eða var í samskiptum við heimamenn.

Sjá niðurstöður eftir helstu þjóðernum í töflu á bls. 15 og nánari úrvinnslu í nethluta könnunar, í skránni ,,Skipulagning“ (línur 32-60).

## Fyrir komuna til Íslands -Hvað var nýtt við skipulagningu og bókun Íslandsferðar*

| | Vefsíður flug- félaga/ ferju | Bókunar- síður | Opin- berar vefsíður | Al- mennar leitar- vélar Netsins | Airbnb bókunar- síða | Vefsíður ferða- þjón.- fyrir- tækja | Fjölsk., vinir, sam- starfs- félagar | Samfélagsmiðlar | | | | | | | | | | Ferða- hand- bækur, bækur | Ferða- ráðgjöf í heima- landi | Ferða- ráðgjöf á Íslandi | Sjón- varps- eða útvarps- efni | Tímarit, dagblöð, annað útgefið efni | Ferða- bækl- ingar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | Ferða- blogg | Insta- gram | Vefsíður/ ummæli | Face- book | YouTube | Google+ | Pinter- est | Twitter | Weibo | Aðrir miðl- ar | | | | | | |
| ***Allir*** | *55,7%* | *44,3%* | *40,7%* | *37,5%* | *24,5%* | *24,3%* | *19,3%* | *17,0%* | *14,9%* | *13,4%* | *10,3%* | *7,9%* | *3,4%* | *1,3%* | *0,4%* | *0,3%* | *3,9%* | *13,1%* | *10,7%* | *6,2%* | *3,6%* | *2,3%* | *1,5%* |
| Bandaríkjamenn | 48,4% | 39,4% | 38,7% | 30,7% | 31,0% | 28,0% | 18,8% | 12,0% | 11,4% | 12,5% | 5,0% | 8,1% | 1,7% | 1,9% | 0,4% | 0,0% | 1,1% | 9,3% | 9,8% | 8,4% | 1,3% | 1,4% | 1,5% |
| Bretar | 54,6% | 38,4% | 39,5% | 25,2% | 22,1% | 29,7% | 17,0% | 12,5% | 13,9% | 17,3% | 7,6% | 8,3% | 1,5% | 0,2% | 0,4% | 0,0% | 2,1% | 10,1% | 12,5% | 5,8% | 3,8% | 1,1% | 0,9% |
| Frakkar | 39,0% | 56,1% | 28,1% | 23,4% | 11,2% | 22,1% | 8,3% | 19,5% | 10,9% | 1,8% | 15,5% | 1,6% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 17,5% | 4,1% | 9,3% | 1,0% | 7,9% | 0,0% |
| Ítalir | 43,7% | 50,7% | 53,1% | 37,1% | 8,9% | 12,3% | 15,1% | 12,3% | 24,2% | 12,3% | 20,0% | 14,6% | 1,1% | 0,4% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 21,9% | 10,0% | 3,4% | 15,6% | 7,4% | 4,3% |
| Þjóðverjar | 73,3% | 45,2% | 37,9% | 43,4% | 19,9% | 18,3% | 21,8% | 13,9% | 23,5% | 15,4% | 12,3% | 12,3% | 1,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 24,0% | 11,0% | 6,2% | 10,7% | 5,1% | 6,3% |

*Sp. Which of the following did you use to arrange and book your trip before you came to Iceland?

## Eftir komuna til Íslands -Hvað var nýtt til að afla upplýsinga um það sem er í boði á Íslandi eða til að bóka þjónustu eða skipuleggja Íslandsferðina*

| | Opin- berar vef- síður | GPS | Bók- unar- síður | Vef- síður fyrir- tækja | Samfélagsmiðlar | | | | | | | | | | Snjall- síma- forrit | Heima- menn | Ferða- bækl- ingar, bækur um Ísland | Upp- lýsinga- mið- stöðvar | Aðrar vefsíður | Vinir, fjöl- skylda á Íslandi | Upp- lýs- inga- skilti | Ferða- bækl- ingar | Ferða- ráð- gjöf á Ísl. | Tímarit, dag- blöð o.fl. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | Um- mæli á vef- síðum | Ferða- blogg | Insta- gram | Google+ | Face- book | YouTube | Pint- erest | Weibo | Twitter | Aðrir mið- lar | | | | | | | | | | |
| ***Allir*** | *46,6%* | *23,8%* | *21,8%* | *21,6%* | *21,3%* | *18,8%* | *19,2%* | *15,0%* | *13,3%* | *9,6%* | *1,4%* | *0,9%* | *0,4%* | *4,1%* | *20,6%* | *20,5%* | *20,3%* | *14,8%* | *13,6%* | *11,0%* | *9,0%* | *7,8%* | *3,7%* | *2,3%* |
| Bandaríkjamenn | 53,5% | 24,2% | 17,3% | 24,9% | 23,6% | 22,8% | 15,3% | 13,7% | 10,5% | 10,3% | 2,6% | 0,1% | 0,3% | 1,6% | 17,2% | 26,7% | 19,9% | 14,3% | 12,8% | 9,1% | 7,3% | 6,3% | 3,4% | 2,7% |
| Bretar | 42,9% | 16,1% | 17,2% | 33,2% | 24,6% | 13,8% | 21,0% | 17,2% | 11,9% | 7,0% | 0,2% | 0,0% | 0,5% | 1,2% | 17,3% | 21,9% | 19,9% | 13,5% | 16,6% | 8,7% | 13,0% | 15,6% | 3,5% | 1,5% |
| Frakkar | 40,1% | 30,9% | 23,6% | 9,2% | 9,8% | 21,4% | 16,3% | 9,8% | 14,3% | 3,3% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,6% | 12,4% | 12,8% | 27,4% | 10,5% | 18,7% | 8,0% | 17,6% | 10,5% | 3,6% | 2,9% |
| Ítalir | 44,3% | 30,0% | 35,4% | 10,4% | 22,9% | 17,1% | 33,2% | 9,1% | 24,8% | 13,2% | 0,9% | 0,0% | 0,0% | 0,7% | 24,2% | 2,5% | 20,7% | 10,0% | 10,1% | 4,7% | 3,7% | 13,3% | 3,5% | 4,3% |
| Þjóðverjar | 42,1% | 14,0% | 30,5% | 19,0% | 18,0% | 14,9% | 23,8% | 7,5% | 10,0% | 10,6% | 0,8% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 33,5% | 30,8% | 32,2% | 20,7% | 18,5% | 16,6% | 17,9% | 11,9% | 0,9% | 4,5% |

*Sp. After you came to Iceland, which of the following did you use to find information on what is available in Iceland or to book services or organise your trip ?

## Með hverjum var ferðast 2021*




Innan sviga má sjá breytingu á prósentustigum frá sama tímabili (júní-desember) 2019.

## Hvaða ferðamáta nýttu ferðamenn 2021 á Íslandi*




Um þrír ferðamenn af hverjum fimm ferðuðust til Íslands með maka sínum árið 2021, tæp sex prósent með börnum yngri en 12 ára, um fimm prósent með börnum á aldrinum 13 til 17 ára og um átta prósent með börnum 18 ára og eldri. Fjórðungur var á ferðalagi með vinum. Um tíundi hver ferðamaður var einn á ferð.

Sjá nánari úrvinnslu í nethluta könnunar í skránni ,,Skipulagning" (línur 62-90).

| | Maka | Barni/börnum <12 ára | Barni/börnum 13-17 ára | Barni/börnum > 18 ára | Vinum | Ferða-hópi | Sam-starfs-félögum | Við-skipta-félögum | Öðrum | Ferðast einn |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ***Allir*** | ***62,0%*** | ***5,7%*** | ***5,2%*** | ***7,9%*** | ***25,6%*** | ***3,7%*** | ***2,6%*** | ***0,6%*** | ***8,2%*** | ***10,4%*** |
| Bandaríkjamenn | 64,3% | 1,1% | 3,9% | 10,8% | 24,7% | 4,5% | 2,7% | 0,2% | 9,0% | 10,7% |
| Bretar | 61,9% | 5,2% | 6,0% | 1,7% | 18,0% | 1,8% | 6,4% | 0,0% | 5,3% | 14,9% |
| Frakkar | 53,9% | 10,7% | 7,7% | 9,9% | 25,9% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 14,9% | 10,5% |
| Ítalir | 69,2% | 0,0% | 9,9% | 1,2% | 24,1% | 8,4% | 1,3% | 0,0% | 4,2% | 5,2% |
| Þjóðverjar | 63,1% | 7,7% | 0,0% | 0,5% | 21,6% | 3,2% | 0,0% | 0,0% | 13,1% | 8,0% |

*Sp. With whom are you travelling?

Um tveir ferðamenn af hverjum þremur ferðuðust um Ísland á bílaleigubíl árið 2021, tæplega þriðjungur í rútu og ríflega einn af hverjum tíu í áætlunarbifreið. Tæplega einn af hverju tíu nýtti leigubíla og einkabíl. Breskir og bandarískir ferðamenn ferðuðust um á bílaleigubílum í minna mæli en Frakkar, Ítalir og Þjóðverjar en nýttu þeim mun meira skipulagðar rútuferðir.

Sjá nánari úrvinnslu í nethluta könnunar í skránni ,,Skipulagning" (línur 92-120).

| | Bíla-leigu-bíll | Rúta | Áætl-unar-bifreið | Leigu-bíll | Einka-bíll | Ferja | Á putt-anum | Innan-lands-flug | Einka-flugvél, þyrla | Reið-hjól | Annað |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ***Allir*** | ***66,2%*** | ***29,0%*** | ***12,3%*** | ***9,4%*** | ***9,0%*** | ***6,1%*** | ***4,8%*** | ***1,6%*** | ***0,8%*** | ***0,5%*** | ***8,6%*** |
| Bandaríkjamenn | 62,8% | 36,5% | 12,7% | 13,2% | 6,2% | 5,8% | 1,1% | 1,5% | 0,8% | 1,0% | 11,5% |
| Bretar | 44,4% | 36,2% | 14,1% | 8,5% | 10,0% | 3,7% | 1,6% | 2,9% | 0,7% | 0,0% | 13,5% |
| Frakkar | 84,6% | 9,2% | 9,3% | 4,6% | 2,1% | 6,3% | 0,4% | 4,4% | 0,0% | 0,0% | 5,3% |
| Ítalir | 85,0% | 5,8% | 7,7% | 0,7% | 6,3% | 9,2% | 0,0% | 3,6% | 0,0% | 0,9% | 3,8% |
| Þjóðverjar | 77,2% | 25,1% | 17,6% | 4,7% | 14,7% | 1,8% | 0,0% | 0,4% | 4,4% | 0,5% | 1,3% |

*Sp. What means of transport did you use during your stay in Iceland?

Ferðamálastofa

# DVALARLENGD, HEIMSÓKNIR Í LANDSHLUTA, ÁNÆGJA MEÐ LANDSHLUTA

-Hversu lengi dvöldu ferðamenn á Íslandi
-Hvaða landshluta heimsóttu ferðamenn
-Heimsóknir ferðamanna á höfuðborgarsvæðið, Reykjanes og Suðurland
-Heimsóknir ferðamanna á Vesturland og Vestfirði
-Heimsóknir ferðamanna á Norðurland og Austurland
-Ánægja ferðamanna með einstaka landshluta

## Hversu lengi dvöldu ferðamenn 2021 á Íslandi*




Dvalarlengd ferðamanna var að jafnaði 8,3 nætur árið 2021, 1,2 nóttum lengri en árið 2019* en þá mældist hún 7,1 nótt.

Nærri tveir ferðamenn af hverjum fimm árið 2021 gistu sex til átta nætur, fjórðungur tvær til fimm og ríflega þriðjungur níu nætur eða fleiri. Meðaldvalarlengd var lengst hjá ferðamönnum frá Mið-Evrópu eða 9,9 nætur og næst lengst hjá ferðamönnum frá Suður-Evrópu eða 9,3 nætur en í báðum tilfellum er um að ræða hálfri nótt lengur en árið 2019. Ferðamenn frá Bretlandseyjum stöldruðu styst við eða 6 nætur en dvalarlengd þeirra var tæpri einni nótt (5,2) styttri árið 2019. Þegar dvalarlengd helstu þjóðerna er skoðuð má sjá að Þjóðverjar, Frakkar og Ítalir dvöldu að jafnaði lengst, með dvalarlengd nokkuð yfir meðaltali eða á bilinu 9,1 til 10,6 nætur. Bretar og Bandaríkjamenn dvöldu hins vegar skemur en ferðamenn gerðu að jafnaði. Dvalarlengd eftir árstíðum og mánuðum er gerð frekari skil á bls. 19.

Sjá nánari úrvinnslu í flugvallahluta könnunar, í skránni ,,Gistinætur, tegund gistingar" (línur 2-42).

| | Meðal-fjöldi gistinótta | Gistinætur flokkaðar | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Gisti ekki | 1 nótt | 2-3 nætur | 4-5 nætur | 6-8 nætur | 9-12 nætur | >13 nætur |
| ***Allir*** | ***8,3*** | ***0,7%*** | ***0,6%*** | ***7,8%*** | ***17,5%*** | ***37,3%*** | ***21,9%*** | ***14,2%*** |
| ***Eftir þjóðernum*** | | | | | | | | |
| Bandaríkjamenn | **7,6** | 0,7% | 1,1% | 6,6% | 16,4% | 46,2% | 19,9% | 9,0% |
| Bretar | **6,0** | 0,6% | 0,4% | 22,0% | 36,4% | 23,8% | 11,7% | 5,2% |
| Danir | **7,2** | 1,1% | 0,2% | 11,3% | 26,9% | 38,4% | 8,2% | 13,8% |
| Frakkar | **9,5** | 0,7% | 0,3% | 4,5% | 13,3% | 31,1% | 27,0% | 23,1% |
| Hollendingar | **8,7** | 0,4% | 0,3% | 7,6% | 17,0% | 34,5% | 20,3% | 19,8% |
| Ítalir | **9,1** | 0,4% | 0,1% | 6,2% | 9,8% | 31,0% | 35,0% | 17,5% |
| Pólverjar | **7,2** | 0,1% | 0,5% | 9,4% | 14,8% | 49,9% | 20,6% | 4,8% |
| Spánverjar | **9,6** | 0,7% | 0,0% | 1,9% | 6,4% | 38,9% | 32,9% | 19,2% |
| Þjóðverjar | **10,6** | 0,1% | 0,3% | 1,7% | 8,5% | 33,2% | 27,1% | 29,1% |
| ***Eftir markaðssvæðum*** | | | | | | | | |
| Norðurlönd | **7,2** | 2,6% | 0,4% | 14,1% | 25,7% | 29,1% | 18,0% | 10,1% |
| Bretlandseyjar | **6,0** | 0,4% | 0,2% | 19,3% | 35,6% | 25,2% | 14,8% | 4,5% |
| Mið-Evrópa | **9,9** | 0,3% | 0,2% | 4,1% | 12,6% | 32,3% | 24,3% | 26,2% |
| Suður-Evrópa | **9,3** | 0,5% | 0,1% | 5,0% | 8,2% | 33,9% | 34,6% | 17,6% |
| Austur-Evrópa | **7,6** | 0,8% | 0,1% | 7,9% | 15,2% | 48,3% | 20,6% | 7,1% |
| Norður-Ameríka | **7,7** | 0,9% | 1,1% | 6,6% | 16,3% | 45,2% | 20,7% | 9,2% |
| Asía | **10,9** | 0,0% | 0,6% | 0,3% | 9,6% | 38,3% | 22,0% | 29,2% |
| Annað | **9,3** | 0,1% | 2,5% | 2,1% | 17,6% | 27,0% | 38,3% | 12,3% |

*Sp. Number of nights spent per accommodation - Total

## Hversu lengi dvöldu ferðamenn 2021




Dvalarlengd ferðamanna var að jafnaði 9,1 nótt sumarið 2021. Helmingur ferðamanna dvaldi á bilinu fjórar til átta nætur. Dvalarlengdin var að jafnaði 6,8 nætur yfir vetrarmánuðina 2021 og gistu tæplega tveir af hverjum þremur fjórar til átta nætur.

## Gistinætur fyrir og eftir faraldur




Ferðamenn hafa haft tilhneigingu til að dvelja lengur á Íslandi eftir kórónaveiru-faraldurinn eins og sjá má af grafi hér til hliðar.
Þegar gistinætur ferðamanna eru t.a.m. skoðaðar eftir mánuðum á tímabilinu júní til desember 2021 með hliðsjón af sömu mánuðum árið 2019 má sjá lengri dvalarlengd í öllum mánuðum árið 2021. Gistinætur eru á bilinu 0,5-2,3 fleiri.

## Gistinætur að sumri og vetri 2021 eftir markaðssvæðum




Ferðamenn frá Mið- og Suður-Evrópu og Asíu gistu lengst sumarið 2021 eða á bilinu 10,3 til 11,3 næstur. Styst var dvalarlengd ferðamanna frá Bretlandseyjum eða 7,4 nætur.

Dvalarlengd yfir vetrarmánuðina var lengst hjá ferðamönnum frá Asíu eða 10,4 nætur. Styst var hún hjá ferðamönnum frá Bretlandseyjum eða 5,1 nótt.

Árstíðaskipting miðast við:
Sumar (júní-september)
Vetur (október-desember)

## Hvaða landshluta heimsóttu ferðamenn 2021*




Innan sviga má sjá breytingu á prósentustigum frá sama tímabili (júní-desember) 2019.

| | Höfuð-borgar-svæðið | Reykjanes | Vestur-land | Vestfirðir | Norður-land | Austur-land | Suðurland |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ***Allir*** | ***93,5%*** | ***75,0%*** | ***59,9%*** | ***18,3%*** | ***44,2%*** | ***39,5%*** | ***83,6%*** |
| ***Eftir þjóðernum*** | | | | | | | |
| Bandaríkjamenn | 95,4% | 70,9% | 57,5% | 20,5% | 42,0% | 38,8% | 85,2% |
| Bretar | 93,5% | 65,0% | 38,8% | 8,9% | 22,7% | 16,6% | 71,2% |
| Danir | 90,1% | 63,1% | 45,0% | 5,0% | 24,5% | 21,6% | 73,2% |
| Frakkar | 93,8% | 84,4% | 63,8% | 22,7% | 51,4% | 46,9% | 88,9% |
| Hollendingar | 89,9% | 76,2% | 57,2% | 6,9% | 42,4% | 34,1% | 86,5% |
| Ítalir | 93,7% | 81,8% | 76,9% | 19,8% | 64,7% | 60,1% | 90,6% |
| Pólverjar | 94,9% | 90,1% | 70,8% | 15,1% | 39,7% | 32,0% | 77,4% |
| Spánverjar | 92,5% | 80,2% | 75,9% | 21,5% | 68,0% | 66,6% | 96,5% |
| Þjóðverjar | 92,3% | 80,8% | 73,0% | 25,2% | 58,2% | 52,3% | 88,3% |
| ***Eftir markaðssvæðum*** | | | | | | | |
| Norðurlönd | 90,2% | 67,3% | 45,5% | 6,8% | 26,8% | 21,8% | 67,3% |
| Bretlandseyjar | 93,9% | 66,3% | 39,0% | 8,9% | 24,6% | 18,2% | 73,7% |
| Mið-Evrópa | 92,6% | 81,1% | 69,6% | 21,4% | 54,9% | 49,5% | 88,7% |
| Suður-Evrópa | 92,9% | 81,2% | 77,0% | 20,1% | 67,6% | 64,7% | 93,5% |
| Austur-Evrópa | 91,6% | 86,9% | 66,6% | 16,0% | 42,4% | 34,3% | 79,4% |
| Norður-Ameríka | 95,3% | 71,1% | 57,8% | 20,6% | 41,9% | 38,4% | 84,9% |
| Asía | 94,9% | 75,0% | 60,6% | 29,6% | 51,6% | 47,3% | 91,7% |
| Annað | 85,9% | 74,1% | 67,6% | 24,5% | 50,0% | 45,7% | 83,7% |

*Sp. Did you visit any of the following regions (for a longer or shorter period)?

Langflestir heimsóttu höfuðborgarsvæðið árið 2021 eða ríflega níu af hverjum tíu ferðamönnum. Ríflega átta af hverjum tíu heimsóttu Suðurlandið og nærri þrír af hverjum fjórum Reykjanesið. Um þrír af hverjum fimm heimsóttu Vesturlandið, ríflega tveir af hverjum fimm Norðurlandið, tæplega tveir af hverjum fimm Austurlandið og nærri fimmtungur Vestfirði. Spurt var um heimsóknir á nokkra valda áfangastaði innan hvers landshluta sem gerð er grein fyrir á bls. 21-23.

Þegar horft er til einstakra markaðssvæða má sjá að ferðamenn frá Norðurlöndunum og Bretlandseyjum ferðuðust í minna mæli á Vestfirðina, Norðurlandið og Austurlandið í samanburði við önnur markaðssvæði.

Sjá nánar í flugvallahluta könnunar, í skránni „Heimsóknir" (línur 2-41).

## Heimsóknir ferðamanna á höfuðborgarsvæðið og Reykjanes

93,5% heimsóttu höfuðborgarsvæðið 2021.
Af þeim gistu 92% á höfuðborgarsvæðinu.
Gistinætur voru að jafnaði 3,1 talsins.

75% heimsóttu Reykjanesið 2021.
Af þeim gistu 41,8% á Reykjanesi.
Gistinætur voru að jafnaði 0,7 talsins




*Heimsóknir og gistinætur eftir markaðssvæðum*

| | Höfuðborgarsvæðið | | | Reykjanes | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Heimsóttu höfuðb.sv. | Gistu á höfuðb.sv. | Fjöldi nótta | Heimsóttu Reykjanes | Gistu á Reykjanesi | Fjöldi nótta |
| ***Allir*** | ***93,5%*** | ***92,0%*** | ***3,1*** | ***75,0%*** | ***41,8%*** | ***0,7*** |
| Norðurlönd | 90,2% | 92,6% | 3,7 | 67,3% | 30,9% | 0,8 |
| Bretlandseyjar | 93,9% | 94,2% | 3,3 | 66,3% | 33,9% | 0,5 |
| Mið-Evrópa | 92,6% | 91,6% | 2,7 | 81,1% | 50,9% | 0,9 |
| Suður-Evrópa | 92,9% | 91,4% | 2,4 | 81,2% | 54,1% | 0,9 |
| Austur-Evrópa | 91,6% | 77,7% | 2,6 | 86,9% | 35,4% | 0,9 |
| Norður-Ameríka | 95,3% | 94,0% | 3,3 | 71,1% | 38,7% | 0,6 |
| Asía | 94,9% | 90,1% | 4,4 | 75,0% | 40,5% | 0,6 |

*Heimsóknir innan svæðis*

Höfuðborgarsvæði:
- 92% Miðbærinn
- 75% Hallgrímskirkja
- 72% Laugavegur
- 50% Gamla höfnin
- 35% Harpa
- 20% Hafnarfjörður

Reykjanes:
- 56% Bláa lónið
- 44% Reykjanesbær
- 28% Gunnuhver
- 36% Grindavík
- 22% Krísuvík

Sjá nánar í flugvallahluta könnunar, í skránni ,,Heimsóknir" (línur 2-125) og í nethluta könnunar, í skránni ,,Heimsóknir" (línur 2-62)

## Heimsóknir ferðamanna á Suðurland




83,6% heimsóttu Suðurland 2021.
Af þeim gistu 76,1% á Suðurlandi.
Gistinætur voru að jafnaði 2,4 talsins.

*Heimsóknir og gistinætur eftir markaðssvæðum*

| | Heimsóttu Suðurland | Gistu á Suðurlandi | Fjöldi nótta |
|---|---|---|---|
| ***Allir*** | ***83,6%*** | ***76,1%*** | ***2,4*** |
| Norðurlönd | 67,3% | 63,2% | 2,3 |
| Bretlandseyjar | 73,7% | 59,0% | 1,6 |
| Mið-Evrópa | 88,7% | 83,7% | 2,9 |
| Suður-Evrópa | 93,5% | 89,6% | 2,7 |
| Austur-Evrópa | 79,4% | 76,9% | 2,4 |
| Norður-Ameríka | 84,9% | 73,6% | 2,1 |
| Asía | 91,7% | 86,9% | 2,8 |

*Heimsóknir innan svæðis*




Um átta af þeim tíu ferðamönnum sem komu á Suðurlandið heimsóttu Gullfoss og Geysi. Næst vinsælustu áfangastaðirnir voru Vík/Reynisfjara, Skógafoss, Þingvellir og Jökulsárlón.

Sjá nánar í flugvallahluta könnunar, í skránni ,,Heimsóknir" (línur 295-335) og í nethluta könnunar, í skránni ,,Heimsóknir" (bls. 188-217)

## Heimsóknir ferðamanna á Vesturland




59,9% heimsóttu Vesturlandið 2021.
Af þeim gistu 66,1% á Vesturlandi.
Gistinætur voru að jafnaði 1,2 talsins.

*Heimsóknir og gistinætur eftir markaðssvæðum*

| | Heimsóttu Vesturland | Gistu á Vesturlandi | Fjöldi nótta |
|---|---|---|---|
| ***Allir*** | ***59,9%*** | ***66,1%*** | ***1,2*** |
| Norðurlönd | 45,5% | 49,5% | 1,3 |
| Bretlandseyjar | 39,0% | 54,0% | 1,1 |
| Mið-Evrópa | 69,6% | 73,2% | 1,5 |
| Suður-Evrópa | 77,0% | 75,5% | 1,2 |
| Austur-Evrópa | 66,6% | 59,3% | 1,1 |
| Norður-Ameríka | 57,8% | 64,6% | 1,1 |
| Asía | 60,6% | 75,6% | 1,2 |

*Heimsóknir innan svæðis*




Nærri þrír af hverjum fimm sem heimsóttu Vesturland komu í þjóðgarðinn Snæfellsjökul. Um þriðjungur heimsótti Borgarnes, um fjórðungur Stykkishólm og um fimmtungur Hvalfjörð og Húsafell.

Sjá nánar í flugvallahluta könnunar, í skránni „Heimsóknir“ (línur 127-167) og í nethluta könnunar, í skránni „Heimsóknir“ (bls. 64-93)

## Heimsóknir ferðamanna á Vestfirði




18,3% heimsóttu Vestfirði 2021.
Af þeim gistu 79,6% á Vestfjörðum.
Gistinætur voru að jafnaði 1,8 talsins.

*Heimsóknir og gistinætur eftir markaðssvæðum*

| | Heimsóttu Vestfirði | Gistu á Vestfjörðum | Fjöldi nótta |
|---|---|---|---|
| ***Allir*** | ***18,3%*** | ***79,6%*** | ***1,8*** |
| Norðurlönd | 6,8% | 83,6% | 2,3 |
| Bretlandseyjar | 8,9% | 73,7% | 1,6 |
| Mið-Evrópa | 21,4% | 82,0% | 2,3 |
| Suður-Evrópa | 20,1% | 79,4% | 1,6 |
| Austur-Evrópa | 16,0% | 68,5% | 1,2 |
| Norður-Ameríka | 20,6% | 78,5% | 1,4 |
| Asía | 29,6% | 93,0% | 2,2 |

*Heimsóknir innan svæðis*




Hátt í helmingur ferðamanna sem kom á Vestfirðina heimsótti fossinn Dynjanda og um tveir af hverjum fimm Ísafjörð. Nærri þriðjungur heimsótti Látrabjarg, tæplega fjórðungur Hólmavík og um fimmtungur Djúpavík.

Sjá nánar í flugvallahluta könnunar, í skránni „Heimsóknir“ (línur 169-209) og í nethluta könnunar, í skránni „Heimsóknir“ (bls. 95-124)

## Heimsóknir ferðamanna á Norðurland*




44,2% heimsóttu Norðurlandið 2021. Af þeim gistu 93,9% á Norðurlandi. Gistinætur voru að jafnaði 2,3 talsins.

*Heimsóknir og gistinætur eftir markaðssvæðum*

| | Heimsóttu Norðurland | Gistu á Norðurlandi | Fjöldi nótta |
|---|---|---|---|
| ***Allir*** | ***44,2%*** | ***93,9%*** | ***2,3*** |
| Norðurlönd | 26,8% | 83,9% | 2,1 |
| Bretlandseyjar | 24,6% | 83,7% | 2,1 |
| Mið-Evrópa | 54,9% | 97,1% | 2,8 |
| Suður-Evrópa | 67,6% | 98,0% | 2,2 |
| Austur-Evrópa | 42,4% | 93,1% | 2,3 |
| Norður-Ameríka | 41,9% | 92,9% | 1,9 |
| Asía | 51,6% | 99,9% | 2,4 |

*Heimsóknir innan svæðis*




Ríflega átta af hverjum tíu sem komu á Norðurland heimsóttu Akureyri um þrír af hverjum fjórum Mývatn, um tveir af hverjum þremur Dettifoss og ríflega helmingur Húsavík. Aðrir staðir voru heimsóttir í mun minna mæli.

Sjá nánar í flugvallahluta könnunar, í skránni ,,Heimsóknir" (línur 211-251) og í nethluta könnunar, í skránni ,,Heimsóknir" (bls. 126-155)

## Heimsóknir ferðamanna á Austurland*




39,5% heimsóttu Austurlandið 2021. Af þeim gistu 88,3% á Norðurlandi. Gistinætur voru að jafnaði 1,4 talsins.

*Heimsóknir og gistinætur eftir markaðssvæðum*

| | Heimsóttu Austurland | Gistu á Austurlandi | Fjöldi nótta |
|---|---|---|---|
| ***Allir*** | ***39,5%*** | ***88,3%*** | ***1,4*** |
| Norðurlönd | 21,8% | 80,9% | 1,8 |
| Bretlandseyjar | 18,2% | 88,4% | 1,4 |
| Mið-Evrópa | 49,5% | 92,1% | 1,6 |
| Suður-Evrópa | 64,7% | 86,8% | 1,3 |
| Austur-Evrópa | 34,3% | 89,0% | 1,3 |
| Norður-Ameríka | 38,4% | 84,8% | 1,2 |
| Asía | 47,3% | 97,7% | 1,9 |

*Heimsóknir innan svæðis*




Ríflega helmingur þeirra sem kom á Austurlandið heimsótti Egilsstaði og/eða Hallormsstað, um helmingur Seyðisfjörð og um þriðjungur Djúpavog. Aðrir staðir voru heimsóttir í mun minna mæli.

Sjá nánar í flugvallahluta könnunar, í skránni ,,Heimsóknir" (línur 253-293) og í nethluta könnunar, í skránni ,,Heimsóknir" (bls. 157-186)

## Á heildina litið hversu ánægðir eða óánægðir voru ferðamenn 2021 með heimsókn í einstaka landshluta*

